MINNISBLAÐ

Verkefni:	Lykill:	Dagsetning:
Hellisgerði brunaráðgjöf	4066-001-MIN-001-V01	05.11.2026
Viðtakandi:	**Staða:**	**Sendandi:**
Byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar, SHS, Helliskaffi ehf.	Útgefið	JAÁ

Efni:

Brunavarnir vegna smáhýsis við Oddrúnarbæ

INNGANGUR

Minnisblaðið fjallar um brunavarnir vegna smáhýsis sem staðsett er við vesturhlið Oddrúnarbæjar.


Tafla 1 Notkun og gerð byggingar.

Staðsetning og gerð	Lýsing
Heimilisfang	Reykjavíkurvegur 15b
Hönnuður aðaluppdrátta	STH teiknistofan ehf.
Notkun	Notkunarflokkur 2, smáhýsi í notkunarflokki 1
Stærð	Smáhýsi 7,28 m², u.þ.b. 2,50 x 2,90 m, hæð 2,10 m
Byggingarefni	Oddrúnarbær: timburhús á steyptum kjallara, byggt 1921, bárujárnsklæðning að utan. Smáhýsi: bjálkar úr timbri, 44 mm
Brunaálag	[VANTAR: brunaálag]

BRUNAHÓLFUN

Smáhýsið og Oddrúnarbær teljast eitt og sama brunahólfið. Ekki er gerð krafa um sérstaka brunahólfun á milli þeirra. Rökstuðningur:

- Fjarlægð frá smáhýsi að Oddrúnarbæ er að lágmarki 2,0 m.
- Hurðalokarar verða settir á þær hurðir Oddrúnarbæjar sem snúa að smáhýsinu.
- Í Oddrúnarbæ er brunaviðvörunarkerfi, Firma kerfi, tengt vaktstöð Securitas. Skynjari verður settur í smáhýsið og tengdur því kerfi.
- Ekki er sofið í húsunum.
- Gott aðgengi er fyrir slökkvilið og viðbragðstími þess stuttur.



GEISLUN MILLI SMÁHÝSA

Samkvæmt leiðbeiningum HMS um smáhýsi skal reikna hitageislun þegar fleiri en eitt smáhýsi eru á lóð, þannig að geislun á önnur hús sé undir 13 kW/m² [1], [2]. Eina annað smáhýsið á lóðinni er glerskáli úr óbrennanlegum efnum. Því er ekki talin þörf á útreikningum á geislunarálagi.

HEIMILDIR

[1] Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, „Leiðbeiningar 9.7.6 Smáhýsi“, útg. 3.3, 11.01.2021.

[2] Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, „Leiðbeiningar 9.7.1 Varnir gegn útbreiðslu elds“, útg. 1.3, 23.11.2020.